



# Reglugerð Land - og sjúkraflokks



## 1. Almenn

1.1 Flokkurinn skal starfa innan Björgunarsveitarinnar Kjalar.

1.2 Umsjónarmenn eru með a) Landflokksbúnaði  
b) Sjúkrabúnaði  
c) fjórhjóli

1.3 Stjórn sveitarinnar er ábyrg fyrir þjálfun og fleiru innan flokksins.

Eftirtalin atriði eru á ábyrgð stjórnar:

- a) að velja umsjónarmenn sem bera ábyrgð á að búnaður/tæki séu til reiðu.
- b) fylgjast með getu, þekkingu og þjálfun einstaklinga innan flokksins.
- c) flytja einstaklinga til á útkallslistanum teljist ástæða til þess og gera tillögu að nýjum mönnum á útkallslista.

1.4 Félagar flokksins skulu viðhalda þekkingu sinni á öllum þeim sviðum sem tengjast almennu björgunarsveitarstarfi. Öllum þeim sem ætla sér að starfa í flokknum er skylt að sækja námskeið eða sýna fram á þekkingu sína á annan fullnægjandi hátt að mati stjórnar sveitarinnar.

1.5 Félagar flokksins skulu kappkosta að fara vel með búnað og tilkynna strax til viðkomandi umsjónarmann ef þeir verða varir við eitthvað athugasvert.

1.6 Félagar flokks skulu jafnan kappkosta að vera í sem bestri líkamlegri þjálfun og æfa reglulega.

1.7 Félagar skulu eiga og hafa tiltækan allan almennan búnað til ferða utan svæðis eitt og fjallaferða að vetrarlagi. Einnig skal ávallt vera með nesti til eins sólarhrings þegar mætt er í útkall.

1.8 Land - og sjúkraflokkur hefur umsjón með öllum áhöldum og tækjum sveitarinnar sem ekki eru í vörslu annarra flokka.

1.9 Umsjónarmenn bera ábyrgð á því að öll áhöld og tæki í þeirra vörslu séu ávallt í besta lagi og tilbúin til notkunar fyrirvaralaust.

1.10 Stjórn sveitar og umsjónarmenn bera ábyrgð á að áhöld og tæki í vörslu þeirra séu ekki notuð til einkaafnota.

1.11 Land - og sjúkraflokkur heldur skrá yfir öll áhöld og tæki sem eru í þeirra vörslu

## 2. Fjór hjóla flokkur

- 2.1 Fjór hjóla flokkur skal starfa innan landflokks Kjalar.
- 2.2 Umsjónarmaður fjór hjóls ber ábyrgð á því að það sé ávallt til reiðu fyrirvaralaust.
- 2.3 Fjór hjóla flokkur heldur skrá yfir akstur á tækjum flokksins svo og vinnu við þau.
- 2.4 Hafa skal samráð við formann stjórnar og/eða umsjónarmann fjór hjóls ef óskað er eftir tækinu til notkunar.
- 2.5 Enginn má aka fjór hjóli sveitarinnar nema hafa náð 18 ára aldri og vera með tilskilin ökuréttindi (B réttindi). Skal ökumaður vera tekinn út og samþykktur sem stjórnandi fjór hjóls af stjórn sveitarinnar og umsjónarmanni. Ökumenn verða að bera öryggisbrynju og nota hjálm.
- 2.6 Farþegar á fjór hjóli skulu ávallt vera með hjálm og eru á ábyrgð ökumanns.

## 3. Sjúkra flokkur

- 3.1 Félagar sjúkra flokks skulu að lágmarki hafa tekið Fyrstu hjálp 1 og 2. Æskilegt er að þeir sækji sér frekari menntun s.s. WFR (Wilderness First Responder) FR (First Responder) eða EMT-B/I réttindi. Stjórn sveitarinnar ber ábyrgð á því að félagar viðhaldi og auki þekkingu sinni á sviði fyrstu hjálpar.
- 3.2 Umsjónarmaður er með öllum sjúkrabúnaði sveitarinnar og sér um að hann sé til reiðu fyrirvaralaust.
- 3.3 Umsjónarmaður heldur skrá yfir allan útkallsbúnað sjúkra flokks.
- 3.4 Sjúkra flokkur sér um að láta umsjónarmann umsvifalaust vita af notkun sjúkrabúnaðar og hugsanlegri þörf á áfyllingu, hvort sem er í ökutækjum eða einstaklingsbúnaði.

Reglugerð þessi mun taka gildi 1.september 2008 með aðlögunartíma.  
Breytt á stjórnarfundum í maí 2010.